

**Nd. 599. Frumvarp til laga [174. mál]**

um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

**1. gr.**

Á eftir 13. gr. laganna komi svofellt bráðabirgðaákvæði:

Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt þrátt fyrir bann 2. mgr. 3. gr. laga þessara að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum, þó ekki afla botnvörpuskipa, í íslenskum höfnum á tímabilinu 1. júní 1966 til 31. maí 1967. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, þar sem brýn þörf er á atvinnuaukningu. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.